

Skýrsla stjórnarformanns 2020

STÖRF STJÓRNAR

Frá aðalfundi SAM 5. júní 2020 til aðalfundar 30. september 2021 hélt stjórn SAM fimm bókaða fundi. Á fundum stjórnar var reglulega fjallað um framleiðslu, sölu og birgðir mjólkurvara og rekstur SAM. Einnig fjallaði stjórn SAM um Verðtilfærslusjóð SAM, Ríkisstuðla mjólkurvara, tollflokkun innfluttra mjólkurvara, hugmyndir um þak á greiðslur fyrir próteinhluta mjólkur og tillögu að greiðslumarki fyrir verðlagsárið 2021. Önnur mál sem stjórn SAM hefur meðal annars fjallað um milli aðalfunda eru Mjólkuruppgjör vegna 2020 og samningur Íslands og Evrópusambandsins um aukna tollkvóta fyrir osta.

Frá síðasta aðalfundi hefur stjórn SAM tilnefnt eða skipað fulltrúa í:

Verðlagsnefnd mjólkuriðnaðarins: Tilnefnd voru Elín Margrét Stefánsdóttir og Pálmi Vilhjálmsson; en til vara Þórunn Andrésdóttir og Ásvaldur Þormóðsson.

Samráðsnefnd SAM og Bændasamtaka Íslands: Tilnefnd var stjórn SAM; Jóhanna Hreinsdóttir, Rafn Bergsson, Ágúst Guðjónsson og Árni Sigurðsson.

Fagráð nautgriparæktarinnar; stuðningsfulltrúi er tilnefndur Björn S. Gunnarsson.

Fræðslunefnd mjólkuriðnaðarins: Skipaðir voru Jóhanna Hreinsdóttir, Margrét Gísladóttir framkvæmdastjóri LK og Björn S. Gunnarsson.

FRAMLEIÐSLA OG SALA MJÓLKURVARA 2020

Mjólkurframleiðsla minnkaði á árinu 2020 og var 151,2 milljónir lítra hjá aðildarfélögum SAM en árið 2019 var framleiðslan 151.8 milljónir lítra.

Meðalinnvigtun frá hverjum framleiðanda 2020 var 281.004 lítrar og jókst um 5.435 lítra á árinu. Mjólkurframleiðendur í árslok voru 538 og hafði fækkað um 13 á árinu, eða 2,4%. Síðustu tíu ár hefur mjólkurframleiðendum fækkað að jafnaði um 2,3% á ári.

Greiðslumark verðlagsársins 2020 var 145 milljónir lítra. Hjá aðildarfélögum SAM var tekið á móti 151.180.148 lítrum og mjólk umfram greiðslumark var 6.196.908 lítrar. SAM gerði tillögu til Búnaðarstofu Matvælastofnunar um að greiðslumark ársins 2021 yrði 145 milljónir lítra. Niðurstaða í Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu var að Greiðslumark ársins 2021 skyldi vera óbreytt frá fyrra ári, 145 millj. lítra.

Sala mjólkurvara árið 2020 á fitugrunni minnkaði um 2,9% milli ára og var 142,8 milljónir lítra. Ástæður minnkandi sölu eru einkum taldar fækkun ferðamanna vegna heimsfaraldurs Covid-19 og aukinn innflutningur osta undir tollflokkun sem „jurtaostar“.

Á próteingrunni var sala 122,4 milljónir lítra og minnkaði um 3,8 milljónir lítra eða 3,0%, á milli ára. Munur á sölu á fitu- og próteingrunni minnkaði um 0,4 millj. lítra á milli ára og var 20,3 millj. lítra árið 2020. Þessi munur samsvarar tæpum 1.700 tonnum af undanrennudufti á hverju ári.

Innflutningur mjólkurafurða jókst um tæp 19 tonn á milli ára. Aukningin var alfarið í ostum. Innflutningur árið 2020 samsvarar um 6,6 milljón lítrum af mjólk á próteingrunni og um 4,8 milljón lítrum á fitugrunni.

Útflutningur mjólkurafurða jókst um 79 tonn frá árinu 2019. Útflutningur á ostum, skyri og ferskum mjólkurvörum minnkaði um 341 tonn, en útflutningur á smjöri og osti jókst um samtals 420 tonn.

VERKEFNI SAM

Í áratugi hefur SAM safnað og unnið tölur um framleiðslu, sölu og birgðir mjólkurafurða á Íslandi. Upplýsingarnar skila tölfræði sem nýtt er til að fylgjast með innanlandsmarkaði mjólkurafurða, auk þess sem upplýsingar eru veittar til aðildarfélaga, Hagstofu Íslands, tölfræðistofnunar Evrópusambandsins (Eurostat), IFCN Dairy Research Center og alþjóðlegu mjólkursamtakanna IDF (International Dairy Federation). Skýrslurnar eru einnig grunnur að útreikningi á mánaðarlegum verðtilfærslum milli aðildarfélaga SAM.

Auk umsýslu eigin bókhalds annast SAM bókhald fyrir Verðtilfærslusjóð SAM og birtir ársreikning sjóðsins í ársskýrslu SAM. Frá árslokum 2008 til 2020 annaðist starfsmaður SAM einnig útreikning launa fyrir Mjólkursamsöluna, ásamt öðrum verkefnum vegna starfsmannahalds Mjólkursamsölnunnar. Frá og með 1. mars 2020 er enginn starfsmaður starfandi hjá Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði, en verkefnum SAM verður áfram sinnt af starfsmönnum Mjólkursamsölnunnar.

SAM hóf þátttöku í íslenska Landbúnaðarklasanum árið 2019, en fyrir er SAM aðili að Samtökum mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja og tengiliður íslensks mjólkuriðnaðar við eftirtalin erlend samtök:

1. International Dairy Federation – IDF (alþjóðleg samtök mjólkurframleiðenda og vinnslufyrirtækja).
2. IFCN Dairy Research Center (samtökin rannsaka rekstur kúabúa um allan heim).
3. Global Dairy Platform (alþjóðleg samtök vinnslu- og markaðsfyrirtækja í mjólkurmarkaði).
4. Nordiske meieriorganisasjoners samarbeidsutvalg for mjølkkevalitetsarbeid – NMSM (norrænt samstarf um mjólkureftirlit og mjólkurgæði).

Markmið SAM með þátttöku í erlendu samstarfi er að safna og miðla upplýsingum sem gagnast íslenskum mjólkurframleiðendum og mjólkuriðnaði.

September 2021

Jóhanna Hreinsdóttir, stjórnarformaður